

# Reglur Hrunamannahrepps um framlög til stjórnmalasamtaka er bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga

Í 5.gr. laga um starfsemi stjórnmalasamtaka nr. 162/2006 með síðari breytingum er fjallað um skyldu sveitarfélaga til að styrkja stjórnmalasamtök:

## 5. gr. *Framlög til stjórnmalasamtaka frá sveitarfélögum.*

Sveitarfélögum er skylt að veita stjórnmalasamtökum sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum árleg fjárframlög til starfsemi sinnar. Ákvörðun um slík framlög tekur sveitarstjórn samhliða samþykkt fjárhagsáætlunar ár hvert. Fjárhæðinni skal úthlutað ár hvert í hlutfalli við atkvæðamagn. Skilyrði úthlutunar á fé frá sveitarstjórnnum er að viðkomandi stjórnmalasamtök hafi áður uppfyllt upplýsingaskyldu sína við ríkisendurskoðanda.

Á grundvelli 5.gr. laga nr. 162/2006 eru reglur Hrunamannahrepps um framlög eftirfarandi.

1. Fjárframlag til stjórnmalasamtaka skal ákvarðað í fjárhagsáætlun ár hvert og skal eigi nema lægri fjárhæð en kr. 80.000,- á ári. Úthlutun fer fram til þeirra stjórnmalasamtaka sem hlotið hafa a.m.k. 5% atkvæða eða einn mann kjörinn í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum. Skal framlagi hvers árs úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.
2. Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar fara fram skal úthlutað helmingi árlegs framlags fyrir kosningar til samræmis við niðurstöðu næstliðinna sveitarstjórnarkosninga. Eftir kosningar er síðari helmingi framlagsins úthlutað í samræmi við kjörfylgi í nýafstöðnum kosningum.
3. Stjórnmalasamtök sem hljóta styrk skv. 1.-2. tl. skulu árlega birta ársreikning sinn á opinberum vettvangi. Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar fara fram skulu stjórnmalasamtök sem hljóta styrk skv. 1.- 2. tl. gera grein fyrir kostnaði við framboð til sveitarstjórnarkosninga á opinberum vettvangi í síðasta lagi sex mánuðum eftir sveitarstjórnarkosningar.

Samþykkt í sveitarstjórn 27. september 2023

Aldís Hafsteinsdóttir  
Sveitarstjóri